

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Keflavíkur nr. 11 28. febrúar 1957, sbr. auglýsing um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum nr. 9 28. janúar 1958.

11. grein 6. liðar b samþykktarinnar orðist svo:

Nudd og rafmagnslækningar.

Samlagið greiðir nudd- og rafmagnslækningar, sem framkvæmdar eru samkvæmt fyrirsögn læknis, að $\frac{1}{2}$, þó ekki yfir 600.00 kr. á hverju almanaksári fyrir hvern sjúkling.

Framangreind breyting staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1964, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 215.

10. september.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveita Laugaráss sér um dreifingu hitaorku úr veitukerfum, sem hún lætur gera, og innheimtir gjald fyrir það, eftir þeim reglum, sem settar eru fram í reglugerð um Hitaveitu Laugaráss og gjaldskrá þessari.

Hitaveitan sér og um innheimtu gjalds fyrir hitaréttindi eftir samningum, sem stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs hefur gert við ábúendur jarðarinnar eða ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd verða veitukerfum hennar í té hitaorku, sem ætla má að nægi til hitunar, enda sé ofnar nógu stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitunni er þó skylt, sé þess óskað, að sjá ábúendum jarðarinnar fyrir því vatnsmagni, sem ákveðið er í samningum þeirra við stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs.

Óheimilt er hitaveitunni að taka kaldara vatn en er í þeim hverum, sem mældir hafa verið samkvæmt skilagrein raforkumálastjóra nr. 64 frá 1953.

3. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 5000.00 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs, skal ekki frekara gjalds krafizt.